

## Merking á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu

Ágæti viðtakandi

Þakka þér fyrir tækifærið til að fjalla um tillögu til þingsáætlunar, um merkingu á vörum frá „hernumdu“ svæðum Palestínu.

Fyrst ber að skoða hvers vegna það ætti að sérmerkja vörur frá þessu heimshorni? Það væri væntanlega gert til þess að fólk myndi forðast vörur frá þessum svæðum sem kallast hernumin.

Er það rétt af íslenskum stjórnvöldum að taka einhliða afstöðu með einu ríki þegar tvö deila? Er málstaður eins deilandi aðila réttþærri en hins? Eru sérmerkingar á vörum frá Júdeu og Samaría eitthvað sem íslenska þjóðin vill?

Það væri of langt mál að telja það upp hér hvorum landið raunverulega tilheyrir, um það hefur verið rifist allengi og sitt sýnist hverjum um það. Evrópusambandið telur að Samaría, Júdea, Gólan-hæðir og austur-Jerúsalem tilheyri ekki Ísrael. En það eru alveg örugglega jafn margir sem telja að Evrópubandalagið hafi kolrangt fyrir sér, og þá sérstaklega sagnfræðingar og aðrir sögufróðir menn sem efast ekki um að landið tilheyri Ísrael.

Hafa margir bent á það að aðför þessi að lýðræðisríkinu Ísrael eigi sér varla hliðstæðu í sögunni. Pólítískar ofsóknir og einelti og nú viðskiptaþvinganir. Enginn er að stinga uppá að sérmerkja vörur frá norður-hluta Kýpur, sem er hernumin af tyrkjum og einnig dæmt ólöglegt af Evrópubandalaginu, jafnvel þó kypverjar hafi mun betri málstað gagnvart tyrkjum heldur en palestínumenn gagnvart Ísrael.

Við verðum líka að spyrja okkur: Við gerum okkur öll grein fyrir að þetta er refsing. Hverjum er verið að refsa með því að merkja vörur í þeim tilgangi að kaupendur geti forðast þær? Vissulega væri þetta slæmt fyrir þegna Ísraelsríkis en ekki síður slæmt fyrir palestínumenn sem njóta góðs af uppbyggingu á svæðinu sem fyrir var ekkert nema sandur

og auðn. Yfir 20.000, palestínუმenn (konur og karlar) hafa atvinnu á þessum slóðum, og þykir eftirsóknarvert að vinna á þessum landsvæðum þar sem ísraelsmenn borga mun betur heldur en nágrannar þeirra. Svo ef að vinnan stoppar eða minnkar, þá þýðir það bara eitt, og það er að atvinnuleysi eykst meðal palestínუმanna og er það ekki á bætandi, þar sem atvinnuleysi hjá palestínუმönnum er um 37%. atvinnuleysi og fátækt er gróðrastía fyrir andfélagslega hegðun, það hafa rannsóknir sýnt og þykir fullsannað. Og á þessum slóður er atvinnuleysi og fátækt útungunarstöð fyrir hryðjuverka- og glæpamenn. Enginn vill það, nema harðlínu múslimar og trúir ég ekki að við vijum spila uppí hendurnar á þeim, en það er akkúrat það sem mun gerast ef merkingar þessar verða að veruleika.

Ef við ætlum að sérmerkja og sniðganga vörur frá Ísrael, þá munu palestínუმenn verða verst úti, og hefur það ekkert með gyðinga að gera heldur alþjóðasamfélagið sem veður villu og reyk þegar kemur að málefnum Ísraels.

Öfugt við Kýpur og Tyrkland, þá er Ísrael og Palestína að reyna að leysa sín mál á friðsamlegan hátt gegnum samræður og réttar boðleiðir á stjórn málasviðinu, og þessvegna ættu Ísland og aðrar þjóðir sem hafa hugsað sér að taka upp þennan ósanngjarna óþarfa sem sérmerkingar á vörum frá Ísrael (hernumdu svæðum) er, og hugsa þetta alveg uppá nýtt.

Ekki sérmerkja og/eða sniðganga vörur frá Ísrael. Það hlýst ekkert jákvætt af því.

Virðingarfyllst.

Ólína Klara Jóhannsdóttir.